

EFTIRLITSSKÝRSLA

Mýrdalshreppur við Uxafótarlæk



Dags eftirlits	18.9.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Mýrdalshreppur	Eftirlitsmaður	
Heimili	Austurvegi 17	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4612830399	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Vigfús Þór Hróbjartsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	501748,175 324486,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram tvö frávik og gerðar voru tvær athugasemdir.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því.

Á urðunarsvæðinu sem er norðan þjóðvegur er að mestu tekið við jarðvegs- og garðaúrgangi þó að heimild starfsleyfisins sé rýmri. Á svæðinu var steypu úrgangur sem heimild er fyrir. Óheimilt er að geyma úrgang á svæðinu og því er rekstraraðili minntur á að urða úrgang sem fyrst.

Á þeim hluta urðunarsvæðisins sem er sunnan þjóðvegur er einungis urðuð seyra. Urðunarreinin var ekki byrgð með þekjuefni og greinileg ummerki eftir meindýr við reinina. Seyran sem var í reininni leit út fyrir að vera þunn fljótandi og minnt er á að þykkja á seyru og eðju eins mikið og kostur er áður en hún er urðuð.

Umsjónarmaður svæðisins og bæjarverkstjóri hafa lykla að norður svæðinu og hleypa verktökum og öðrum inn á svæðið. Gámur er fyrir utan girðingu þar sem hægt er að losa gróðurúrgang í um helgar.

Rekstraraðila ber fyrir 1. maí ár hvert, skv. gr. 5.3 í starfsleyfi, að skila inn til Umhverfisstofnunar skráningum fyrir undangengið almanaksár. Þær skráningar hafa ekki borist Umhverfisstofnun fyrir árið 2016.

Engin umhverfisóhöpp eða slys hafa verið skráð á árinu. Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðili vegna staðarins.

Farið var í skoðun á urðunarsvæðin í fylgd Ögmundar Ólafssonar verktaka og þau skoðuð. Svæðin eru bæði afgirt með fjárheldum girðingum og hlið eru lokuð og læst. Skipulag á báðum svæðunum er ágætt og er þau nokkuð snyrtileg.

Frávik frá

Gr. 4.3 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Skv. gr. 4.3 í starfsleyfi ber rekstraraðila að byrgja urðunarreinar samdægurs með þekjuefni sem m.a. kemur í veg fyrir aðgang meindýra. Urðunarrein var opin í eftirlitinu og greinileg ummerki eftir meindýr við reinina.

Gr. 5.3 í starfsleyfi

Rekstraraðila ber fyrir 1. maí ár hvert, skv. gr. 5.3 í starfsleyfi, að skila inn til Umhverfisstofnunar skráningum fyrir undangengið almanaksár. Þær skráningar hafa ekki borist Umhverfisstofnun fyrir árið 2016.

ATHUGASEMDIR

Minnt er á að óheimilt er að geyma úrgang á urðunarsvæðinu og rekstraðili hvattur til að urða úrgang við fyrsta tækifæri.

Gerð er athugasemd við að þunnfljótandi seyru í urðunarrein á suðursvæði, þykkja skal seyru áður en hún er urðuð. Jafnframt er óheimilt að urða úrgang sem hefur þurrefnisinnihald undir 20%.

ANNAÐ

Minnt var á að rekstraraðila er skylt að boða til samráðsfundar fjórða hvert ár.

Minnt var á að rekstraraðila ber að setja sér umhverfismarkmið.

Viðstaddur eftirlitið var Ögmundur Ólafsson verktaki.

Reykjavík, 23.10.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Steinunn Karlsdóttir
Steinunn Karlsdóttir